

Virðing – Jákvæðni – Framsækni – Umhyggja

# Velferðarsvið Mosfellsbæjar



Ársskýrsla 2022





## Ávarp framkvæmdastjóra

Á árinu 2022 héldu áhrif Covid-19 faraldursins áfram að hafa áhrif á velferðarsviði, sem og annars staðar, þriðja árið í röð. Sem betur fer sáum við loksins faraldurinn í rénun á seinni hluta ársins og lífið fór að ganga sinn vanagang á ný.

Í lok ársins voru starfsmenn sviðsins 179 í 72,4 stöðugildum og hafði fjölgað frá árinu áður úr 163 starfsmönnum og 67 stöðugildum en sú aukning skýrist að mestu leyti af verkefninu *Betri vinnutími í vaktavinnu*. Á skrifstofu velferðarsviðs störfuðu 12 starfsmenn, sem er aukning um einn starfsmann frá fyrra ári þar sem verkefnastjóri var ráðinn inn til að koma af stað og sinna verkefni um farsæld barna. Starfaði sá starfsmaður þvert á velferðarsvið og fræðslu- og frístundasvið.

Tvær megin breytingar á lögum tóku gildi á árinu. Annars vegar var um að ræða breytingu á barnaverndarlögum, sem fjallað er um í Kafla 2. Hins vegar voru sett ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, sem fjallað er um í Kafla 7.

Um mitt ár fóru fram sveitarstjórnarkosningar sem leiddu til þess að sá meirihluti Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna, sem setið hafði í meirihluta síðastliðin 20 ár, féll. Nýr meirihluti Framsóknar, Samfylkingar og Viðreisnar tók við stjórnartaumunum sem leiddu til, eins og gefur að skilja, breyttra áherslna í velferðarmálum. Sem dæmi um áherslubreytingar var ákveðið að sviðið skyldi breyta um nafn á seinni hluta ársins, úr því að heita fjölskyldusvið í velferðarsvið. Að sama skapi breytti fjölskyldunefnd um heiti og heitir nú velferðarnefnd. Nefndin tók einnig að sér breytt hlutverk og sinnir nú, til viðbótar við fyrra hlutverk, hlutverki jafnréttisnefndar sem áður var sinnt af lýðræðis- og mannréttindanefnd.


Til þess að veita góða þjónustu þarf fært starfsfólk og gæti velferðarsvið aldrei starfað án þess góða og færa starfsfólks sem þar starfar. Vill undirrituð sérstaklega þakka öllu starfsfólki sviðsins fyrir þeirra framlag við að tryggja íbúum Mosfellsbæjar velferð og velsæld.

Þessi skýrsla er sett fram til að veita lesendum innsýn í þau störf sem hafa verið unnin á árinu, sem og þær breytingar sem hafa átt sér stað í veitingu þjónustunnar milli ára.

Sigurbjörg Fjölnisdóttir  
framkvæmdastjóri velferðarsviðs



## Skipurit velferðarsviðs 2022





## Efnisyfirlit

1	Skipting fjármagns.....	5
2	Barnavernd.....	6
2.1	Tilkynningar .....	6
3	Félagsleg þjónusta.....	9
3.1	Félagsleg ráðgjöf .....	9
3.2	Fjárhagsaðstoð .....	9
3.2.1	Fjöldi styrkþega.....	9
4	Eirhamrar .....	11
4.1	Stuðningsþjónusta (félagsleg heimaþjónusta).....	11
4.2	Félagsstarf .....	12
4.3	Dagdvöl.....	14
5	Akstursþjónusta .....	15
6	Þjónusta við fullorðið fatlað fólk.....	16
6.1	Búsetuþjónusta .....	16
6.1.1	Biðlisti eftir sértækri búsetu .....	16
6.2	Áfangaheimili fyrir geðfatlaða - Krókur.....	16
6.3	Skálatún .....	17
6.4	Dagþjónusta – atvinna, hæfing .....	17
6.5	Notendasamningar.....	17
7	Þjónusta við börn og ungmenni.....	19
7.1	Sambætting þjónustu – farsæld barna.....	19
7.2	Einstaklingsstuðningur .....	19
7.3	Stuðningsfjölskyldur .....	20
7.4	Skammtímadvöl.....	20
7.5	Heimili fyrir börn .....	20
7.6	Frístundaklúbburinn Úlfurinn.....	20
8	Félagsleg húsnæðismál .....	21
8.1	Sérstakur húsnæðisstuðningur .....	21
8.2	Félagslegt leiguhúsnæði .....	21
8.2.1	Biðlisti eftir félagslegu leiguhúsnæði .....	21
8.3	Málaflokkur heimilislausra .....	22



# 1 Skipting fjármagns

Í Töflu 1 má sjá rekstrarniðurstöðu ársins 2022 eftir deildum sviðsins og samanburð við fyrri ár en rekstrarútgjöld jukust um rúmlega 18% frá árinu 2021.

Tafla 1. Rekstrarniðurstaða velferðarsviðs árin 2019-2022

	2019	2020	2021	2022
<b>02 FÉLAGSÞJÓNUSTA</b>	<b>1.953.287.479</b>	<b>2.098.836.545</b>	<b>2.392.545.609</b>	<b>2.831.519.998</b>
02010 Velferðarnefnd	4.461.405	4.882.866	5.382.328	6.243.102
02020 Skrifstofa félagsþjónustu	73.067.699	77.768.134	116.020.992	128.562.178
02110 Fjárhagsaðstoð	53.062.077	44.021.319	51.414.394	56.448.319
02150 Stuðningsþjónusta - einstaklingsstuðningur	0	0	0	71.805.755
02170 Móttaka flóttafólks	0	1.359.998	0	0
02172 Erlendir ríkisborgarar	0	3.642.298	0	1.171.664
02180 Sérstakur húsnæðisstuðningur	31.588.500	34.618.092	52.953.987	71.541.189
02190 Önnur félagsleg aðstoð	3.338.272	3.324.091	4.547.063	3.747.218
02330 Niðurgreiðsla dvalargjalda	4.958.673	7.777.135	0	0
02340 Barnaverndarmál	27.259.308	35.415.475	53.566.505	110.653.623
02410 Framlög til ellilífeyrisþega og öryrkja	7.915.893	5.521.084	6.271.817	5.361.810
02430 Hjúkrunarheimili	30.000.000	0	0	0
02450 Þjónustumiðstöð aldraðra	101.517.272	117.777.723	136.399.879	160.613.807
02480 Félagsstarf aldraðra	43.512.853	44.113.384	44.207.929	47.862.502
02490 Afsláttur af fasteignagjöldum	37.437.345	43.762.298	48.919.887	53.935.240
02500 Málefni fatlaðra - sameiginlegur kostnaður	800.684.540	795.809.888	753.456.867	926.509.050
02510 Liðveisla og akstur	134.474.622	131.626.242	170.575.089	115.466.458
02520 NPA þjónusta	103.206.312	101.911.466	157.755.274	173.828.294
02564 Hulduhlíð búsetukjarni	86.280.835	95.410.587	104.587.057	112.895.960
02565 Klapparhlíð búsetukjarni	57.647.450	76.823.480	84.606.670	101.655.327
02566 Þverholt búsetukjarni	109.308.353	124.123.851	142.855.559	163.192.178
02567 Heimili fyrir börn	59.762.908	69.922.793	88.667.931	108.009.402
02569 Áfangenheimili fyrir geðfatlaða	22.778.595	84.699.491	77.330.756	74.018.281
02570 Skammtíamavistun fyrir fatlaða	26.451.417	32.409.193	77.416.673	95.117.287
02580 Dagþjónusta fyrir fatlaða	98.071.390	116.900.223	152.947.359	152.355.359
02590 Stuðningsfjölskyldur	32.430.924	41.126.510	41.060.381	46.159.959
02595 Frístundaklúbburinn Úlfurinn	0	0	16.417.337	39.202.030
02710 Ýmis lögbundin framlög	1.309.300	1.398.174	1.517.100	1.666.551
02810 Ýmsir styrkir - félagsmál	2.761.536	2.690.750	3.666.775	3.497.455




## 2 Barnavernd

Markmið barnaverndar er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi uppeldisaðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni eða þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Breyting á barnaverndarlögum tók gildi í upphafi ársins þar sem barnaverndarnefndir skipaðar kjörnum fulltrúum voru lagðar niður og svokölluð umdæmisráð barnaverndar tóku við sem úrskurðarnefndir í barnaverndarmálum þar sem sérfræðingar í barnaverndarmálum skipa ráðið. Mosfellsbær, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur og Seltjarnarnes sammæltust um sameiginlega skipan umdæmisráðs fyrir sveitarfélögin og tók það til starfa 1. janúar 2023 en skrifað var undir samning þess efnis 12. desember 2022.


### 2.1 Tilkynningar

Lítill sem engin aukning varð á fjölda tilkynninga til barnaverndar milli áráanna 2021 og 2022 eins og sjá má á Mynd 1 og vörðuðu þær 251 barn. Af þeim 545 tilkynningum sem komu á borð barnaverndar á árinu fóru 203 tilkynningar ekki áfram í könnun eða meðferð.



Mynd 1. Fjöldi tilkynninga til barnaverndar skipt eftir kyni.

Algengasta ástæða tilkynninga til barnaverndar var á árinu 2022 áhættuhegðun barns, sem er viðsnúningur frá fyrri árum þegar ofbeldi hefur verið algengasta ástæðan.



Mynd 2. Ástæða tilkynninga til barnaverndar.




Í Töflu 2 má sjá nánari niðurbrot á fjölda tilkynninga eftir undirflokkum.

**Tafla 2.** Tilkynningar til barnaverndar árið 2022 eftir undirflokkum tilkynninga


<b>Áhættuhegðun</b>	<b>201</b>
Neysla barns á vímuefnum	54
Afbrot barns	38
Barn beitir ofbeldi	68
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hætt	22
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	19
<b>Vanræksla</b>	<b>171</b>
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	156
Þar af foreldrar í áfengis- og fíkniefnaneyslu	84
Tilfinningaleg vanræksla	15
<b>Ofbeldi</b>	<b>173</b>
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	128
Þar af barn verður vitni að ofbeldi milli náinna aðila	58
Líkamlegt ofbeldi	35
Þar af barn verður fyrir ofbeldi af hálfu náins aðila	19
Kynferðislegt ofbeldi	10
Þar af barn verður fyrri kynferðislegu ofbeldi af hálfu náins aðila	5
Þar af barn verður fyrir stafrænu kynferðislegu ofbeldi	1
<b>Samtals</b>	<b>545</b>

Á Mynd 3 má sjá ástæðu tilkynninga skipt eftir kynjum. Aukning heldur áfram í tilkynningum vegna drengja milli ára varðandi áhættuhegðun, en mesta aukning hjá stúlkum milli ára var vegna vanrækslu.



**Mynd 3.** Ástæða tilkynningar skipt eftir kyni barns.

Flestar tilkynningar til barnaverndar berast nú sem áður frá lögreglu, en á árinu 2022 bárust 306 tilkynningar frá lögreglu. 50 tilkynningar bárust frá skólum en eingöngu ein frá leikskóla, sjá Mynd 4.



Mynd 4. Tilkynnendur barnaverndarmála.






### 3 Félagsleg þjónusta

Í þessum kafla er fjallað um þjónustu velferðarsviðs sem byggir á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Er hér um að ræða félagslega ráðgjöf og fjárhagsaðstoð.

#### 3.1 Félagsleg ráðgjöf

Markmið félagslegrar ráðgjafar er annars vegar að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál og hins vegar að veita stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda. Við félagslega ráðgjöf er horft á að styðja einstaklinga og fjölskyldur til sjálfshjálpar þannig að hver og einn geti notið sín sem best í samfélaginu. Félagsleg ráðgjöf er veitt til einstaklinga 18 ára og eldri.

Fjöldi beiðna vegna félagslegrar ráðgjafar eru mismunandi milli ára, en á árinu 2022 bárust 64 nýjar umsóknir, sjá Mynd 5. Félagsleg ráðgjöf fer fram í gegnum símatíma, viðtöl, heimsóknir til umsækjenda sem og ferðir með þeim til að aðstoða við og ýta undir félagslega virkni, aðstoð við tengingu við heilbrigðiskerfið, tengingu við vinnumarkað, utanumhald endurhæfingaráætlana, aðstoð við umsóknir vegna örorku og annað það sem máli skiptir fyrir umsækjanda. Félagsleg ráðgjöf er veitt til einstaklinga frá 18 ára aldri og er lögð áhersla á heildræna ráðgjöf til fjölskyldunnar þar sem það á við.



Mynd 5. Fjöldi umsókna um félagslega ráðgjöf eftir árum.

#### 3.2 Fjárhagsaðstoð


Fjárhagsaðstoð er veitt til að stuðla að því að einstaklingar og fjölskyldur geti framfleytt sér, séu þeir ekki færir um það sjálfir. Fjárhagsaðstoð er neyðaraðstoð til einstaklinga 18 ára og eldri og alltaf veitt sem tímabundið úrræði. Samhliða veitingu fjárhagsaðstoðar er veitt félagsleg ráðgjöf og unnið þannig markvisst að því að styrkja viðkomandi í leit sinni að atvinnu eða til að stunda nám og fækka þannig í hópi þeirra sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda. Einnig fá umsækjendur aðstoð við að sækja um varanlega- eða endurhæfingarörorku til Tryggingastofnunar ríkisins séu þeir óvinnufærir sökum sjúkdóms eða annars.

##### 3.2.1 Fjöldi styrkþega

Eftir fækkun einstaklinga á fjárhagsaðstoð á árinu 2021 fjölgaði aftur á árinu 2022, en er sú fjölgun að mestu tilkomin vegna fjölgunar í hópi einstaklinga með stöðu flóttamanns, eins og sjá má á Mynd 6.




Þar má sjá að 109 þáðu fjárhagsaðstoð á árinu 2022, þar af 36 með stöðu flóttamanns sem er tvöföldun frá fyrra ári.



**Mynd 6.** Fjöldi styrkþega fjárhagsaðstoðar árin 2019 til 2022, ásamt fjölda með stöðu flóttamanns.

Á Mynd 7 má sjá að flestir eru á fjárhagsaðstoð í 1-3 mánuði en mun færri eru lengur en þrjú mánuði.



**Mynd 7.** Fjöldi styrkþega 2022 eftir fjölda mánaða á fjárhagsaðstoð.



## 4 Eirhamrar


Þjónusta sú sem fer fram í húsnæðinu að Eirhömrum er bæði mikil og fjölbreytt. Alla virka daga er boðið upp á félagsstarf sem er opið fyrir alla íbúa sveitarfélagsins. Í húsnæðinu er einnig boðið upp á dagdvöl og heitan mat í hádeginu gegn vægu gjaldi, en auk þess leigir Eir út 39 öryggisíbúðir í húsinu til eldri borgara sem þurfa að hafa gott aðgengi að þeirri þjónustu sem er í boði. Miðstöð stuðningsþjónustu er staðsett að Eirhömrum.

### 4.1 Stuðningsþjónusta (félagsleg heimaþjónusta)

Markmið stuðningsþjónustu er lögum samkvæmt að veita þeim þjónustu sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu. Meginmarkmið þjónustunnar er að búa þessum einstaklingum eðlilegt heimilislíf eins lengi og unnt er. Eir hjúkrunarheimili annast framkvæmd þjónustunnar samkvæmt samningi við Mosfellsbæ.

Fjöldi heimila sem nýta stuðningsþjónustu hefur farið ört vaxandi síðastliðin ár eins og sjá má á Mynd 8. Á árinu 2022 voru heimilin 232 sem nýttu stuðningsþjónustu, sem er aukning um 15,4% frá árinu 2021. Voru unnar vinnustundir á mánuði á árinu 2022 að jafnaði 938 stundir miðað við 826 stundir árið áður, sem er 13,6% aukning. Að sama skapi fjölgaði einstaklingum sem áttu samþykkt fyrir heimsendum mat, samþykktir voru 35 fyrir árið 2021 en 46 fyrir árið 2022. Að jafnaði voru 20-25 einstaklingar skráðir á hverjum tímapunkti með heimsendan mat á árinu 2022.


Félagsleg innlit hafa aukist hratt sem er í beinu samhengi við þá áherslu sem hefur verið lögð á að aðstoða einstaklinga sem lengst í heimahúsi, en þar er hægt að fá aðstoð við lyfjainntöku, að klæðast og matast ásamt ýmsum öðrum verkum sem eru ekki hjúkrunartengd. Af þeim 232 heimilum sem fengu stuðningsþjónustu á árinu 2022 voru 45 heimili með félagslegt innlit og 46 með samþykkt fyrir heimsendum mat. Að jafnaði eru um 20-25 heimili á hverjum tímapunkti sem nýta sér slíka heimsendingu.



**Mynd 8.** Fjöldi heimila með stuðningsþjónustu eftir árum og tegund þjónustu.

Þann 1. október 2022 hófst heimkeyrsla á mat um helgar og alla rauða daga, en fram að þeim tíma hafði eingöngu verið keyrður út matur á virkum dögum og er því um mikla þjónustuaukningu að ræða við þá einstaklinga sem þurfa á þessari þjónustu að halda.

Flestir þeirra sem nýta stuðningsþjónustu eru eldri borgarar, en öryrkjar tilheyra næst stærsta hópnum. Af þeim 232 heimilum sem fengu stuðningsþjónustu árið 2022 tilheyra 177 hópi eldri borgara, sjá Mynd 9.



Mynd 9. Stuðningsþjónusta, fjöldi heimila skipt eftir tegund árin 2019-2022


## 4.2 Félagsstarf

Markmið félagsstarfsins er að fyrirbyggja félagslega einangrun og finna þekkingu, reynslu og hæfileikum þátttakenda farveg. Áhersla er lögð á öflugt starf sem mætir þörfum ólíkra hópa sem sést best á þeim fjölda námskeiða sem er í boði á hverjum tíma sem og þeim stöku viðburðum sem félagsstarfið skipuleggur eða tekur þátt í. Föst námskeið má sjá á



Mynd 10 en þau eru í boði allt árið utan hásumarsins. Mikil áhersla er lögð á að bæta heilbrigði þeirra sem sækja í félagsstarfið, bæði líkamlegt sem og andlegt.

Til viðbótar við þau föstu námskeið sem boðið er upp á allan ársins hring stóð félagsstarfið fyrir eða tók þátt í ýmsum öðrum viðburðum. Það má sjá á Töflu 2 þar sem sést einnig fjölda einstaklinga sem hafa tekið þátt í þeim viðburðum.



**Mynd 10.** Föst námskeið félagsstarfsins á árinu 2022.

Einnig stóð félagsstarfið fyrir þremur viðbótar námskeiðum á árinu 2022. Þar er fyrst að nefna Heilsa og hugur, en haldin voru 3 námskeið á árinu og var meðalfjöldi þátttakenda þar 83 í viku hverri. Einnig var boðið upp á leirhóp en þar voru 10 námskeið með að meðaltali 33 þátttakendur í hverri viku. Að síðustu er að nefna snjalltölvunámskeið en þar var boðið upp á samtals 14 slík námskeið og voru að meðaltali 12 á hverju námskeiði.

**Tafla 3.** Aðrir viðburðir félagsstarfsins á árinu 2022.

	Fjöldi þátttakenda
Í túninu heima	450
Hátíðarmessa	120
Basar	350
Kynningarfundur í Hlégarði	140
High tea	38
Smörrebrauðsdagur	45
Októberfest	50
Ferðalög	120
Myndlistasýning í Lágafellslaug	Opið hús
Leirsýning	Opið hús
Glersýning	Opið hús
Markaðsdagar	Opið hús
Haustgleði	300
Prjónakynning	30
Páskaskreytingar	18
Jólaskreytingar	25
Haustskreytingar	30
Bingó, 7 skipti	350



### 4.3 Dagdvöl

Í dagdvöl á Eirhömrum eru níu almenn dagdvalarrými. Þau rými hafa verið vel nýtt og eru ávallt fleiri en níu sem geta nýtt sér þjónustuna þar sem margir notendur nýta sér hluta úr degi. Eir hjúkrunarheimili annast rekstur dagdvalarinnar með samningi við Mosfellsbæ eins og verið hefur undanfarin ár. Á árinu heimilaði bæjarráð umsókn til Sjúkratrygginga Íslands um stækkun dagdvalarinnar um sex sértæk dagdvalarrými og yrði þá dagdvölin með pláss fyrir 15 einstaklinga á hverjum tíma.

Mosfellingar geta nýtt sér dagdvölinna að Eirhömrum, en einnig hafa þeir fengið úthlutuðum plássum í öðrum dagdvölum utan Mosfellsbæjar, svo sem sértækum dagdvölum fyrir heilabilaða. Alls nýtti 41 einstaklingur sér dagdvöl utan Mosfellsbæjar á árinu 2022. Í lok ársins voru sjö Mosfellingar á bið eftir dagdvöl.




## 5 Akstursþjónusta

Fatlaðir Mosfellingar sem geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur eiga kost á akstursþjónustu á vegum sveitarfélagsins til að geta stundað atvinnu, nám, sótt þjálfun og notið tólmstunda og er sú þjónusta lögbundin samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.


Mosfellsbær veitir einnig eldri borgurum akstursþjónustu hafi þeir ekki aðgang að eigin farartæki og séu ófærir um að nota almenningssamgöngur en sú þjónusta er ekki lögbundið verkefni sveitarfélaga.

Notendafjöldi akstursþjónustu fatlaðs fólks hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár, en aukning varð á notendafjölda aksturs eldri borgara á milli árunna 2020 og 2021 og hefur haldist óbreyttur síðan þá.



**Mynd 11.** Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér akstursþjónustu 2019-2022.

Ferðafjöldi hefur farið vaxandi eftir mikla lægð árin 2020 og 2021 þegar bæjarbúar ferðuðust lítið og er nú orðinn sambærilegur við ferðafjölda áður en Covid skall á.



**Mynd 12.** Fjöldi ferða í akstursþjónustu árin 2019 – 2022.



## 6 Þjónusta við fullorðið fatlað fólk

Eins og aðrir íbúar sveitarfélagsins á fatlað fólk rétt á almennri þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, sé það í þörf fyrir hana. Auk þess getur það átt rétt á sértækri þjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, séu þjónustuþarfir þess meiri en hægt er að veita samkvæmt lögum um félagsþjónustu. Þessi kafli fjallar um þá sértæku þjónustu sem sveitarfélagið veitir fötluðum íbúum þess.


### 6.1 Búsetuþjónusta

Á árinu 2022 starfrækti Mosfellsbær þrjá búsetukjarna: Í Hulduhlíð, Klapparhlíð og Þverholti. Kjarnarnir eru allt sólarhringsstaðir og búa þar á bilinu fjórir til fimm í hverjum kjarna. Auk þeirra veita þeir kjarnar fjölmörgum fötluðum einstaklingum þjónustu sem búa í nágrenni við kjarnana sem stuðning við sjálfstæða búsetu. Alls veittu þessir þrjú kjarnar ellefu einstaklingum þjónustu utan kjarna á árinu 2022. Í lok ársins 2022 voru starfandi í búsetunni alls 40 starfsmenn í 28,6 stöðugildum.

Þess ber að geta að kostnaður við rekstur búsetunnar hækkaði um tæp 14% frá árinu 2021 sem skýrist að miklu leyti af verkefninu *Betri vinnutími í vaktavinnu*, sem kallaði á aukinn fjölda stöðugilda sem og aukinn kostnað við þau stöðugildi sem fyrir voru á stöðunum.

#### 6.1.1 Biðlisti eftir sértækri búsetu

Fjölgað hefur um tvo á biðlista milli árána 2021 og 2022. Þrjár nýjar umsóknir komu á árinu en einn aðili utan Mosfellsbæjar dró umsókn sína til baka. Elsta umsóknin er frá 2016 en flestar umsóknirnar komu inn á árunum 2020 til 2022 sem skýrist meðal annars af aldri umsækjenda þar sem búseta er almennt ekki veitt til einstaklinga undir 18 ára aldri.



Mynd 13. Biðlisti eftir sértækri búsetu.

### 6.2 Áfangaheimili fyrir geðfatlaða - Krókur

Áfangaheimilið Krókur sinnir þjónustu til einstaklinga með geðrænar áskoranir í sveitarfélaginu. Tvö einstaklingsherbergi eru á heimilinu sjálfu en að auki sinnir heimilið einstaklingum staðsettum utan Króksins sem stuðning við sjálfstæða búsetu einstaklinganna. Á árinu 2022 sinnti Krókur alls níu einstaklingum, en voru þeir sjö á árinu 2021.

Í lok ársins 2022 störfuðu á áfangaheimilinu 13 starfsmenn í 8,45 stöðugildum. Þetta er aukning um 0,15 stöðugildi milli ára sem skýrist af auknum fjölda einstaklinga sem Krókur sinnir.






### 6.3 Skálatún

Á árinu 2022 voru sjö starfseiningar reknar að Skálatúni ses., sex búsetukjarnar og einn dagþjónustustaður, en Mosfellsbær hefur keypt þjónustu við einstaklinga búsetta að Skálatúni frá árinu 2012. Á árinu samþykkti bæjarráð að hefja formlegt samtal við Skálatún um að Mosfellsbær myndi taka yfir þjónustu við einstaklinga búsetta að Skálatúni, ásamt eignum og skuldum. Ekki hafði náðst samkomulag þess efnis við lok ársins. Í upphafi ársins 2022 bjuggu 35 fatlaðir einstaklingar að Skálatúni, en einn lést á árinu og voru því 34 búsettir þar í lok ársins.

### 6.4 Dagþjónusta – atvinna, hæfing


Eftir að fötluð ungmenni ljúka framhaldsskóla ber sveitarfélaginu lögum samkvæmt að bjóða þeim sem þurfa sértæka vinnu eða virkniúrræði upp á starf við hæfi. Mosfellsbær hefur haft aðgang að vinnustofum hjá Ási styrktarfélagi, hæfingarstöðvunum að Dalvegi og Bæjarhrauni, starfsþjálfunarstöðunum Örva og Geitungunum sem og Ásgarði handverkstæði. Á árinu 2022 var 31 einstaklingur sem nýtti sér dagþjónustu fyrrnefndra staða. Til viðbótar hafa íbúar að Skálatúni haft aðgang að dagþjónustustaðnum Skjóli sem staðsettur er í Skálahlíð og voru rúmlega 30 einstaklingar sem nýttu sér á árinu þá þjónustu.



Mynd 14. Fjöldi einstaklinga í dagþjónustu á árinu 2022 utan Skálatúns.

### 6.5 Notendasamningar

Notendasamningar eru annars vegar veittir samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk undir heitinu notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) og hins vegar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem beingreiðslusamningar. Samningarnir eru veittir til fatlaðra einstaklinga sem hafa umtalsverðar þjónustufarir sem erfitt eða óhentugt er að veita í gegnum hefðbundna þjónustu sveitarfélagsins. Á árinu voru þrír beingreiðslusamningar veittir, allir vegna barna, og átta NPA samningar, allir til fullorðins fólks, sjá Mynd 15.



**Mynd 15.** Fjöldi einstaklinga með notendasamninga árin 2019-2022.



## 7 Þjónusta við börn og ungmenni

Þessi kafli fjallar um þjónustu við börn á vegum velferðarsviðs, bæði fyrir fötluð börn sem og börn sem nýta sér þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu.

### 7.1 Samþætting þjónustu – farsæld barna


Þann 1. janúar 2022 tóku gildi ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem ætlað er að tryggja að börn og foreldrar þeirra hafi aðgang að samþættri þjónustu þegar þörf er á þjónustu fleiri en eins þjónustuaðila. Einnig er með lögnum horft til þess að tryggja börnum bæði snemmtækan sem og sérhæfðan stuðning þegar þörf er á.

Ráðinn var inn verkefnastjóri til að stýra verkefninu og hóf viðkomandi störf í ágúst 2022. Seinni hluti ársins fór í að setja fram verklag vegna móttöku og vinnslu þeirra mála sem þyrftu á samþættingu þjónustu að halda. Leiddi sú vinna meðal annars af sér ítarlegan greiningarlista vegna íhlutunar 1. stigs þjónustu, það er grunn- og leikskóla, sem nýtist bæði sem kortlagning en einnig sem stuðningur við kennara við veitingu þjónustu. Sú vinna sem fór fram á árinu er grunnur þess að hægt verði að vinna með börnum og foreldrum þess sem þurfa á samþættum stuðningi að halda.

### 7.2 Einstaklingsstuðningur

Einstaklingsstuðningur er hluti af stuðningsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og er veittur til fatlaðra barna og barna í erfiðri félagslegri stöðu frá sex ára aldri.

Fjöldi notenda hefur aukist örlítið á milli árunna 2021 og 2022 en fjöldinn tekur til bæði fatlaðra og ófatlaðra barna. Fjöldi liðveitenda var 112 á árinu 2022 og hafði fækkað um einn frá árinu áður en skýrist það að hluta vegna þjónustubarfa barnanna, þar sem fjögur börn sem þurfa umfangsmikinn stuðning fengu á árinu 2022 þjónustu í breyttu formi vegna umfangs þjónustunnar og til að tryggja samfellu í þjónustu til þeirra.



Mynd 16. Einstaklingar með samþykktan einstaklingsstuðning og starfandi liðveitendur.


Í lok ársins 2022 voru sex einstaklingar á bið eftir þjónustunni þar sem heppilegur liðveitandi hafði ekki fundist.



### 7.3 Stuðningsfjölskyldur

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn eða barn í erfiðri félagslegri stöðu í umsjá sína í skemmri tíma til að létta álagi af fjölskyldu barnsins og auka jafnframt möguleika þess á fjölbreyttara félagslegu umhverfi. Hjá stuðningsfjölskyldu búa börnin við venjulegt fjölskylduumhverfi.

Á Mynd 17 má sjá fjölda úthlutaðra sólarhringa, en þær tölur miða við fjölda sólarhringa í mánuði sem bæði fötluð og ófötluð börn fá úthlutuðum. Af þeim 53 börnum sem voru með samþykktu stuðningsfjölskyldu á árinu 2022 eru 9 ófötluð börn. Að meðaltali fara börnin þrjú sólarhringa í mánuði til fjölskyldunnar, en í nokkrum tilvikum fara börnin fleiri en fimm sólarhringa í mánuði.



Mynd 17. Fjöldi úthlutaðra sólarhringa fyrir börn á mánuði hjá stuðningsfjölskyldum ásamt fjölda barna.

### 7.4 Skammtímadvöl

Fötluð börn og ungmenni skulu eiga kost á því að njóta tímabundinnar dvalar í skammtímadvöl þegar þörf krefur og er almenn hámarksdvöl sjö sólarhringar í mánuði. Skammtímadvöl býður upp á afþreyingu, aðstoð og grunnþjálfun við athafnir daglegs lífs. Þjónustunni er einnig ætlað að létta álagi af fjölskyldum og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsi.

Á árinu 2022 dvöldu alls 11 börn og ungmenni í skammtímadvöl; sex ungmenni í Hnotubergi Hafnarfirði, þrjú börn í Móaföt Garðabæ og tvö börn í einkareknu úrræði að Klettabæ.

### 7.5 Heimili fyrir börn

Heimili fyrir börn er heildstæð þjónusta til barna með umfangsmiklar þjónustufarir sem sniðin er að þörfum hvers og eins barns. Á árinu 2022 dvöldu þrjú börn til skiptis inni á heimilinu en eingöngu dvelja að hámarki tvö börn í senn. Þá hefur bæst við þjónusta til tveggja annarra barna sem veitt er inn á þeirra eigin heimili og þjónustaði heimilið því fimm börn á árinu.

### 7.6 Frístundaklúbburinn Úlfurinn

Fyrsta heila árið í starfsemi Úlfsins var á árinu 2022 og voru 10 fötluð börn sem nýttu sér þjónustuna, fimm á grunnskólaaldri og fimm framhaldsskólanemendur. Yfir veturinn er boðið upp á þjónustu þegar skóladegi lýkur sem og í skólafríum en yfir sumarið er boðið upp á heilsdagsþjónustu fyrir þau sem það vilja. Úlfurinn flutti sig um set á árinu og fékk aðstöðu í gamla Heilsugæslurýminu í Þverholti þar sem fór mjög vel um hópinn.




## 8 Félagsleg húsnæðismál

### 8.1 Sérstakur húsnæðisstuðningur

Sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélags er viðbót við almennar húsnæðisbætur frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem hafa þunga framfærslubyrði af húsnæði í hlutfalli við tekjur.

Fjöldi í hópi þeirra sem fá sérstakan húsnæðisstuðning frá sveitarfélaginu var svipaður á milli áráanna 2021 og 2022 eins og sjá má á Mynd 18, þó svo að um örlitla fækkun hafi verið að ræða, eftir að fjöldinn jókst mikið á árinu 2021 vegna breytinga á útreikningum húsaleigu á félagslegu leiguhúsnæði.



Mynd 18. Fjöldi leigjenda með sérstakan húsnæðisstuðning.

Á árinu 2022 hækkuðu útgjöld til sérstaks húsnæðisstuðnings um 29% sem kom til vegna hækkunar grunnfjárhæðar og frítekjumarka almennra húsnæðisbóta sem tóku gildi 1. júní 2022.

### 8.2 Félagslegt leiguhúsnæði


Mosfellsbær átti 30 íbúðir í lok ársins. Af þeim voru 29 leigðar út sem félagslegt leiguhúsnæði, ein til búsetu fatlaðs fólks, ein til heimilis fyrir börn og ein til áfangaheimilis fyrir geðfatlaða.

Auk þessara eigna hefur Mosfellsbær framleigt íbúðir af almennum markaði til leigjenda í félagslega kerfinu og leigði á árinu 12 slíkar íbúðir. Mosfellsbær leigir einnig 9 íbúðir af félagasamtökum sem leigðar eru til fatlaðs fólks og eldri borgara og voru framleigðar íbúðir á árinu því samtals 21. Samtals var því 51 félagsleg leiguíbúð í Mosfellsbæ á árinu 2022.

#### 8.2.1 Biðlisti eftir félagslegu leiguhúsnæði

Úthlutanir félagslegra leiguíbúða á árinu 2022 voru þrjár. Árið áður var fimm íbúðum úthlutað til umsækjenda á biðlista.

Umsækjendur á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði voru 17 í lok árs 2022. Á sama tíma árið 2021 voru 30 umsækjendur á biðlista, sjá Mynd 19. Meðan fækkun á biðlista milli áráanna 2020 og 2021 skýrist af breyttum reglum sveitarfélagsins um úthlutun liggur ekki fyrir hver ástæðan er á fækkun einstaklinga á biðlista milli áráanna 2021 og 2022.




Mynd 19. Fjöldi umsækjenda á biðlista eftir félagslegu húsnæði.

### 8.3 Málaflokkur heimilisausra


Mosfellsbær og Reykjavíkurborg hafa haft með sér samning frá árinu 2019 um greiðslu gistináttgjalds í neyðarathvörfum Reykjavíkurborgar. Heimilisausir einstaklingar með lögheimili í Mosfellsbæ fá því aðgang að gistiskýlum fyrir karla á Lindargötu og á Granda og fyrir konur í Konukoti. Forstöðumenn gistiskýla upplýsa velferðarsvið um þá einstaklinga sem þangað leita svo félagsráðgjafar sviðsins geti unnið með viðkomandi vegna þeirra vanda.

Á árinu 2022 leituðu tvær konur og sjö karlar, sem er veruleg aukning frá árinu áður þegar leituðu alls fjórir einstaklingar til gistiskýlanna.



Mynd 20. Fjöldi karla og kvenna sem nýttu gistiskýli árin 2019 til 2022.

Fjöldi gistinátta árið 2022 voru alls 287 fyrir þá níu einstaklinga sem leituðu í neyðarskýlin, sjá Mynd 21. Er þetta mikill viðsnúningur frá fyrri árum, en skýrist að mestu af því að tveir einstaklingar nýttu gistiskýli í alls 262 nætur á árinu. Hinir sjö einstaklingarnir gistu í 13 nætur eða færri. Eru mál einstaklinga í þessum málaflokki því misjafnlega umfangsmikil í vinnslu. Ávallt er unnið að því að leita varanlegra úrræða með hverjum og einum.



**Mynd 21.** Fjöldi gistinguáttá í gistinguáttum árin 2019 til 2022.